

# Veturinn

Þemamappa í tónlistarkennslu fyrir 4.-6 ára börn



Helen Birta Kristjánsdóttir

## Efnisyfirlit

<b>SÖNGLÖG.....</b>	<b>3</b>	AÐ SEMJA TÓNLIST VIÐ LJÓÐ.....	35
KRUMMI SVAF Í KLETTAGJÁ .....	4	AÐ LEIKA SNJÓKORN .....	36
FROST ER ÚTI FUGLINN MINN.....	5	AÐ LEIKA SNJÓKARL .....	37
MÉR ER KALT Á TÁNUM .....	6	SLÆÐUDANS.....	38
NÚ ER ÚTI NORÐANVINDUR,.....	7	HLJÓMSVEITARSTJÓRINN .....	39
ÚTI ER ALLTAF AÐ SNJÓÁ.....	8	DANSÆÐ MEÐ UNDIRLEIK .....	40
NÚ GAMAN, GAMAN ER .....	9	VETRARDÝR.....	41
SNJÓKORN FALLA .....	10	MÁLÆÐ Á GLUGGANN .....	42
ÉG HLAÐKA SVO TIL .....	11	<b>HLUSTUNARVERKEFNI .....</b>	<b>43</b>
ÞORRAPRÆLL.....	12	ÚTIHLUSTUN .....	44
SNJÓKARLINN MINN.....	14	KENNARI SPILAR .....	45
<b>LJÓÐMÁL.....</b>	<b>15</b>	SPILÆÐ OG KLAPPÆÐ .....	46
VETUR GAMLI .....	16	MÁLÆÐ Á RENNING .....	47
SNJÓRINN .....	17	HEIMSÓKN FRÁ TÓNLISTARSKÓLA .....	48
VETURKONUNGUR.....	18	AÐ TÚLKA VETURINN.....	49
VETUR 1.....	19	HLUSTÆÐ Á HLJÓÐFÆRIN .....	50
OFAN GEFUR SNJÓ Á SNJÓ .....	20	HLUSTÆÐ Á ÓMINN.....	51
VETRARKVÖLD .....	21	<b>DANSAR OG HREYFILEIKIR .....</b>	<b>52</b>
HVÍTUR SNJÓR!.....	22	STOPPDANS .....	53
FYRSTI SNJÓR.....	23	SKUGGADANS.....	54
<b>TAKTVERKEFNI/SAMSPIL/ .....</b>	<b>24</b>	STOPPDANS MEÐ MYNDUM FRÁ VETRINUM ....	55
<b>HLJÓÐFÆRASTUNDIR .....</b>	<b>24</b>	AÐ VEIÐA SNJÓKORN .....	56
KLAPPA SAMAN LÓFUNUM.....	25	ÍSBJARNARDANS.....	57
TOMBAL.....	26	HEIMSKAUTADÝR LEIKIN .....	58
LABBA ÚTI Í SNJÓNUM.....	27	ÁLFADANS .....	59
TAKTUR MEÐ LJÓÐI.....	28	KENNARI SEGIR SÖGU.....	60
LEIKIÐ MEÐ ALLSKONAR HLJÓÐ .....	29	<b>HUGMYNDIR AÐ TÓNLIST Í FRJÁLSUM</b>	
ÚTITAKTUR .....	30	<b>LEIK .....</b>	<b>61</b>
VIÐ KLÖPPUM ATKVÆÐI.....	31	BÍLALEIKUR .....	62
AÐ HALDA TAKTINN .....	32	DÚKKULEIKUR.....	63
<b>SPUNA- OG SKÖPUNARSTUNDIR .....</b>	<b>33</b>	TÓNLIST Í ÚTIVERU .....	64
AÐ SEMJA TÓNVERK – VETURINN .....	33	HLJÓÐFÆRI Í FRJÁLSUM LEIK .....	65

# Sönglög

## Krummi svaf í klettagjá

Am

Krummi svaf í klettagjá,

kaldri vetrarnóttu á,

verður margt að meini.

Em

Am

verður margt að meini.

Am

Fyrir en dagur fagur rann,

freðið nefið dregur hann

undan stórum steini,

Em

Am

undan stórum steini.

Allt er frosið út í gor,

ekkert fæst við ströndu mor,

∴ svengd er metti mína. ∴

Ef að húsum heim ég fer

heimafrakkur bannar mér

∴ seppi' úr sorpi' að tína! ∴

Öll er þakin ísi jörð

ekki séð á holtabörð

∴ fleygir fuglar geta. ∴

En þó leiti út um mó,

auða hvergi lítur tó,

∴ hvað á hrafn að eta? ∴

Á sér krummi ýfði stél,

einnig brýndi gogginn vel,

∴ flaug úr fjallagjótum. ∴

Lítur yfir byggð og bú

á bænum fyrir en vakna hjú,

∴ veifar vængjum skjótum.∴

Sálaður á síðu lá

sauður feitur garði hjá,

∴ fyrrum frá á velli. ∴

“Krunk, krunk! Nafnar, komið

hér!

Krunk, krunk! Því oss búin er

∴ krás á köldu svelli.∴

Gítargripin eru eins í öllum

erindum.

Lag: Þjóðlag

Texti: Jón Thoroddsen

Þetta lag er langt og textinn er frekar erfiður. Þess vegna gæti verið gott að búta það niður í erindi og læra eitt í einu. Laglínuna er ekki svo erfitt að læra heldur er textinn það sem er erfiðast við lagið. Mikilvægt er að muna að útskýra orðin sem börnin kunna ekki svo þau skilji hvað þau eru að syngja.

## Frost er úti fuglinn minn

D G7 G7  
Frost er úti fuglinn minn

D A D  
Ég finn hvað þér er kalt.

G7 D G7  
Nærðu engu í nefið þitt

D A D  
Því nú er frosið allt.

En ef þú bíður augnablik

G7 D  
ég ætla að flýta mér

A D G7 D A  
og biðja hana mömmu mína

D A D  
um mylsnu handa þér.

Lag: Enskt lag (Drink to me only with thine eyes)  
Texti: Höfundur óþekktur

Þetta lag hefur sterka tengingu í veturinn og hægt er að velta fyrir sér afkomu fuglanna á veturna og ræða með börnunum. Einnig er hægt að útbúa mat handa fuglunum og gefa þeim.

## Mér er kalt á tánum

A

Mér er kalt á tánum

D7

ég segi það satt.

Ég er skólaus og skjálfandi

D

og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun,

G

það snjóaði í dag.

A7

Ég er hreint alveg ráðalaus,

D

en hvað um það.

Ég syng mína vísu

G

um snjóinn og mig,

A7

tra, la, la, la, la, la, la

D

um snjóinn og mig.

(Lag: Ég langömmu á)

Lag: Guðjón Bjarnason

Texti: Höfundur óþekktur

Þetta lag er fjörugt og skemmtilegt að syngja með börnum. Það er frekar einfalt að læra en þó eru nokkur skemmtileg orð að taka fyrir í orðaforðanámi eins og t.d. orðið „ráðalaus“.

## Nú er úti norðanvindur,

D

Nú úti norðan vindur,

A

nú er hvítur Esjutindur.

Ef ég ætti úti kindur

D

mundi' ég setja þær allar inn,

A

D

elsku besti vinur minn.

A

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa

A7

D

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa

Upp er runninn öskudagur,

ákaflega skýr og fagur.

Einn með poka ekki ragur

úti vappar heims um ból.

Góðan daginn, gleðileg jól.

∴ Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa. ∴

Elsku besti stálagrér,

heyriðu hvað ég segi þér:

“Þú hefur étið úldið smér

og dálítið af snæri

elsku vinurinn kæri”.

∴ Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa. ∴

Þarna sé ég fé á beit,

ei er því að leyna.

Nú er ég kominn upp í sveit

á rútunni hans Steina.

Skilurðu hvað ég meina?

∴ Úmbarassa, úmbarassa,

úmbarassasa. ∴

Höfundur: Ólafur Kristjánsson frá  
Mýrarhúsum

Gítargripin eru eins í öllum  
erindum.

Þetta lag er hægt að kenna  
annaðhvort allt í runu eða  
eitt erindi í einu. Gott er að  
taka fyrir orð í hverju erindi  
og skoða nánar. Orðin gætu  
t.d. verið „tindur“, „ragur“,  
„smér“ og „leyna“. Það væri  
hægt að kenna þessi orð  
sérstaklega í tengslum við  
orðaforðanám.

Þegar „úmbarassa“ er  
sungið er höndunum klappað  
saman og slegið á lærin til  
skiptis. Þetta er góð  
taktæfing.

## Úti er alltaf að snjóa

C

Úti er alltaf að snjóa,

Dm

Því komið er að jólnum  
og kólna fer í Pólunum.

G

En sussum og sussum og róa,

C

ekki gráta elskan mín,

G

þó þig vanti vítamín,

C

Ávexti eigum við nóga,

Dm

handa litlu krökkunum,  
sem kúra sig í bökkunum.

G

Þú færð í magann þinn mjóa

C

melónur og vínber fín

C7

Þótt kinnin þín litla sé kannski soldið

F

köld og blá,

D

áttu samt vini sem aldrei bregðast.

G

Af ávöxtunum skuluð þér nú þekkja þá

C

Sussum og sussum og róa,

Dm

ekki gráta elskan mín,

þó þig vanti vítamin.

G

Þú færð í magann þinn mjóa

C

melónur og vínber fín.

Höfundur: Ólafur Kristjánsson frá Mýrarhúsum

Texti: Jónas Árnason

Lag: Jón Múli Árnason

Þetta er skemmtilegt og fjörukt lag að syngja með börnum. Ekki eru svo mörg orð sem börnin ættu ekki að þekkja og lagið er skemmtilegt og ætti ekki að vera erfitt að læra.



## Nú gaman, gaman er

F  
Nú gaman, gaman er

C  
Í góðu veðri að leika sér  
og fönnin hvít og hrein

F C F  
og hvergi sér á stein.

Cc F  
Ó já, húrra, tra-la.

Svo bind ég skíði' á fiman fót

C  
og flýg um mó og grjót.

F C F  
Húrra, húrra, húrra.

C F  
Ó já, húrra, tra-la.

Svo bind ég skíði' á fiman fót

C  
og flýg um mó og grjót.

F C F  
Húrra, húrra, húrra.

Texti: Páll Jónsson

Lag: Höfundur óþekktur

Þetta lag væri gaman að  
kenna börnunum utandyra,  
jafnvel í sleðaferð.

## Snjókorn falla

D  
Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt,

A  
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt

A7 D  
nú er skemmtilegt að líta

G  
okkar landið kalda og hvíta

D A7 D  
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.

D  
Syngjum æ, æ, hopp og hí og hæ

A  
svo það hljómi í þorpi borg og bæ

A7 D G  
inni í dölum uppi á fjöllum

ómar loft af hlátrasköllum

D A7 D  
syngjum æ, æ, hopp og hí og hæ.

Lag: Erlent lag (Du kan ha' min gamle kone)  
Texti: Höfundur óþekktur

Þetta lag er taktfast og gott væri að kenna það með því að börnin hermdu eftir eina og eina línu í einu. Einnig er gott að ræða orðin sem börnunum gæti þótt erfitt að skilja.

## Ég hlakka svo til

Ég hlakka svo til þegar hættir að snjóa, ég hlakka svo til þegar veturinn dvín, ég hlakka svo til þess að hlusta á hann spóa, ég hlakka svo til þegar vorsólin skín, ég hlakka svo til þegar hér fer að gróa, ég hlakka að kyssa þig, sóleyjan mín, ég hlakka svo til þess að hleypa honum Glóa, ég hlakka svo til þess að koma til þín.

Lag: Erlent lag

Texti: Jónas Friðrik Guðnason

Þetta lag er skemmtilegt að kenna þegar veturinn fer að verða búinn og vorið er á næsta leiti. Það er hægt að kenna með hermiaðferð þar sem börnin endurtaka hverja línu eftir kennara sínum.

## Þorraþræll

A  
Nú er frost á Fróni,

D A  
frýs í æðum blóð,

E7  
kveður kuldaljóð

A  
Kári í jötunmóð.

Yfir laxalóni

D A  
liggur klakapil.

E7  
Hlær við hríðarbil

A  
Hamragil

E  
Mararbára blá

A  
brotnar þung og há

E7  
unnarsteinum á,

A  
yggld og grett á brá.

Yfir aflatjóni

D A  
æðrast skipstjórinn,

E7  
harmar hlutinn sinn

A  
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann

hryggur búandinn:

„Minnkar stabbinn minn,

magnast harðindin. -

Nú er hann enn á norðan,

næðir kuldaél,

yfir móa og mel

myrkt sem hel.

Bóndans býli á

björtum þeytir snjá,

hjúin döpur hjá

honum sitja þá.

Hvítleit hringaskorðan

huggar manninn trautt;

Brátt er búrið autt,

búið snautt.

Þögull Þorri heyrir

þetta harmakvein

gefur grið ei nein,

glíkur hörðum stein,

engri skepnu eirir,

alla fjær og nær

kuldaklónum slær

og kalt við hlær:

„Bóndi minn, þitt bú

betur stunda þú.

Hugarhrelling sú,

er hart þér þjakar nú,

þá mun hverfa, en fleiri  
höpp þér falla í skaut.  
Senn er sigruð þraut,  
ég svíf á braut.

Texti: Kristján Jónsson  
Lag: Íslenskt þjóðlag

Þar sem þetta er mjög langt  
lag er gott að kenna það í  
hlutum. Jafnvel er hugsanlegt  
að geyma seinni erindin þar  
til síðar. Tilvalið er að nota  
þetta lag í málörvun því  
mikið er af orðum sem  
börnin kannast sennilega  
ekki við. Orðin gætu verið  
t.d. „jötunmóð“, „yggld“ og  
„kvein“. Einnig er tilvalið að  
tengja lagið þorranum.

## Snjókarlinn minn

Komdu með mér út, allt er hvítt af snjó  
hér í stærðar hús, höfum efni nóg.  
Gröfum inní skafl, göng, og reisum þak  
þar við höfum skjól, það er fyrirtak.

Húsið okkar verður háreist og hvítt.  
Húsið okkar verður rúmgott og hlýtt.  
Húsið okkar verður hreinlegt og bjart  
og hér við getum skrafað margt.

Ef þú kemur út, allt er hvítt af snjó  
Hér í stærðar hús, höfum efni nóg  
Eitthvert annað kvöld, eflaust gætum við  
búið snjókarl til, hérna út við hlið

Snjókarlinn er sætur svört augu með.  
Snjókarlinn um nætur margt getur séð.  
Snjókarlinn hann grætur ef sólin skín  
og þá hann missir augun sín.

Lag: Árni Ísleifsson  
Texti: Númi Þorbergsson

Þetta lag væri gaman að  
kenna einhvern dag þegar  
börnin hafa verið að búa til  
snjókarla.

# Ljóðmál

## Vetur gamli

Hvít fönn þekur jörð og bæ,  
krakkar ná sér í húfur.  
Stormur kaldur við úfinn sæ,  
snær fýkur yfir þúfur.

Vetur gamli er kaldur karl,  
hin unga sól hverfur um tíma.  
Ekki margt er vetrarins ofjarl,  
skepnur i kojum sínum híma.

Blóm vetrarins skriða um gler,  
litleysi veröldina skapar.  
Mörgum hlakkar til þegar karlinn fer,  
á endanum er það hann sem tapar.

Inga Margrét Benediktsdóttir

Gott er að kenna þetta ljóð með því að segja ljóðið sem sögu og útskýra þýðingu þess. Jafnvel væri hægt að líkja „vetri karlinum“ við snjókarl og hvernig hann tapar fyrir hlýjunni þegar hún kemur.



## Snjórinn

Snjórinn fellur,  
og vindurinn hvín.  
Á storm nú skellur,  
og það er ekkert grín.

Úti er frost og snjór,  
betra að vera inni og fá sér bjór.  
Vinirnir inni skella nú glösum,  
labba svo heim með hendur í vösum.

Krakkarnir úti leika sér,  
því jólasnjórinn komin.  
Og á Íslandi kalt nú er,  
og síðasti jólasveinninn fer.

Sófus Berthelsen Grímson

Þetta ljóð er gaman að lesa fyrir börnin. Það gæti verið erfitt fyrir þau að læra það þar sem það er fremur langt og óreglulegt. Gott er því að leyfa börnunum að hlusta á lestur þess og njóta hans.

## Veturkonungur

Sólin skín og fuglarnir syngja.

Grasið orðið grænt og blómin að spretta.

Þú flýtir þér á fætur, hleypur svo út  
aðeins klædd í stuttbuxur og hlíraból,  
ætlar í sólbað.

En raunin verður önnur

því þú rennur á hálfu  
og dettur ofan í snjóskaf.

Það er þá sem þú gerir þér grein fyrir því að þig var  
bara að dreyma.

Það er ekki komið sumar.

Vetur konungur situr enn í háseti sínu  
og hlær nú dátt að flónsku þinni.

Sóley

Gaman er að hlusta á þetta  
ljóð eins og sögu. Þar sem  
það er allt í runu og órímað  
gæti verið erfitt að læra það.  
Þess vegna er gott að lesa  
það fyrir börnin og leyfa  
þeim að njóta þess að hlusta  
á lestur ljóðsins.

Einnig gæti verið  
skemmtilegt að ræða um  
drauma við börnin.

## Vetur 1

Fjöllin

stundum nálæg

stundum ekki

undir þeim

sést ekki sólin

fyrir vetri

Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir

Þetta ljóð er stutt og einfalt að læra. Það er gott að nota hendurnar til að túlka fjarlægðina fyrir börnunum svo þau skilji um hvað ljóðið snýst. Svo er einnig gott að ýkja t.d. þegar sólin er undir fjöllum að verða leiður á svipinn.

Hægt er að tengja ljóðið þeim tíma þegar sólin hækkar á lofti og gægist yfir fjöllin (þar sem það á við) og útbúa sólarkaffi.

## Ofan gefur snjó á snjó

Ofan gefur snjó á snjó  
snjónum vefur flóa tó.  
Tófa gefur móa mjó  
mjóan gefur skó á kló.

Hjálmar Jónsson (Bólu-Hjálmar)

Gott er að kenna börnunum  
þetta ljóð með því að tala  
það í atkvæðum. Jafnvel er  
hægt að klappa með því til að  
leggja enn meiri áherslu á  
atkvæðin.

## Vetrarkvöld

Degi hallar, hafs að djúpi  
hökul falla lætur sinn,  
fold í mjallar hvílir hjúpi,  
hrímar allan gluggann minn.

Kynjamóður kaldar loga,  
kvikur glóða faldur rís.  
Sveipar hljóð um sund og voga  
silfurslóða mánadís.

Þögnin seið í sálu kyndir,  
söngva leiðir opnar finn.  
Yfir breiðir böl og syndir  
bláa heiðið faðminn sinn.

Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöðum

Þetta ljóð er hægt að kenna  
með því að leiklesa línur  
þess. Þannig læra börnin  
hreyfingar við textann og  
þannig verður auðveldara  
fyrir þau að læra ljóðið.

## Hvítur snjór!

Hvítur snjór

fellur á grasflötina  
eins og hvít ábreiða

græna grasið  
sést ei lengur

því nú er kominn

vetur.

Stefán B. Hreiðarsson

Einfalt er að kenna þetta ljóð  
þar sem það er stutt og ekki  
eru mörg erfið orð í því. Best  
er að kenna það í einni runu  
með því að láta börnin  
endurtaka það sem  
kennarinn segir.

Hægt væri að fá  
börnin til að teikna  
vetrarmynd eftir lestur  
ljóðsins.

## Fyrsti snjór

Veturinn sigar  
vindunum á skýin.  
Fallan lagðar  
af línhvítri ull  
á veðurnæm fjöllum  
þegar vindarnir glefsa í skýin.

Veturinn kemur.

Er kornhlaða þín orðin full?

Hannes Pétursson

Þetta ljóð væri skemmtilegt að tengja við sveitina. Þegar hlaðan þarf að vera orðin full af heyi eða kornið komið inn svo nóg sé til að borða þegar veturinn gengur í garð. Þá er hægt að kenna um sveitina og störfina þar um leið og ljóðið er kennt.

Taktverkefni/samspil/

hljóðfærastundir



## Klappa saman lófunum



Hægt er að vinna taktverkefni þar sem lófunum er klappað saman í takt við orð sem tengjast vetrinum. Sem dæmi eru orð hér á blaðsíðunni til stuðnings en hægt er að nota hvaða orð sem er sem tengjast vetrinum. Hægt er að sýna börnunum nótur um leið og kenna þeim þannig að þekkja einfaldar taktnótur.

Hægt er að vinna meira með þetta verkefni og nota hljóðfæri til að slá taktinn. Bæði er hægt að nota hljóðfæri sem eru til eða búa til hljóðfæri úr einhverjum hlutum sem annaðhvort finnast inni eða úti.

Slóðir á myndir:

[http://worldartsme.com/holiday-snowflake-clipart.html#gal\\_post\\_111070\\_holiday-snowflake-clipart-1.jpg](http://worldartsme.com/holiday-snowflake-clipart.html#gal_post_111070_holiday-snowflake-clipart-1.jpg)

<https://www.pinterest.com/pin/463096774163493403/>

## Tombai

Dm  
Tombai, tombai

Tombai, tombai

A7  
Tombai,tombai,

Dm  
tombai.

Dm  
Don, don,don

Di ri di ri don

Gm  
Tra la la la la

Dm  
Tra la la la la

A7            Dm  
Tra la la la la la

Dm  
Hey!

Vetur, vetur, vetur, vetur,

vetur, vetur, vetur.

Snjóar hér, snjóar þar, snjóar allsstaðar

Tra-la-la-la-la, tra-la-la-la-la, tra-la-la-la-la-la

Snjór!

Slóð á lagið:

<https://www.youtube.com/watch?v=D51lj4XwPoE>

Þetta er lítið lag sem skemmtilegt er að nota bæði í taktverkefni og samspil. Það er hægt að spila það með hljóðfærum, t.d. í tra-la-la partinum. Svo er hægt að klappa það eða stappa eða útfæra á annan hátt. Hægt er að nota fleiri orð í staðinn fyrir snjóar, t.d. snjókarl, frostrós o.s.frv. E.t.v. dettur börnunum fleiri orð í hug sem tengjast vetrinum.

## Labba úti í snjónum

Labba úti í snjónum

- labba úti í snjónum.

Verða kalt á tánum

- verða kalt á tánum.

Veturinn er kominn

- veturinn er kominn.

Hrista okkar hendur

- hrista okkar hendur.

O.s.frv.

Þetta er hreyfileikur sem gaman er að fara í úti en einnig er hægt að fara í hann inni. Leikurinn er endurtekningaleikur þar sem kennarinn er fremstur og segir setningu og börnin herma svo eftir. Þegar búið er að leika þennan leik í nokkur skipti er hægt að biðja börnin að vera fremst og segja setningar. Hægt er að bæta við eins mörgum setningum og hverjum og einum dettur í hug.

## Taktur með ljóði

Til dæmis er hægt að slá taktinn með klappi við ljóðið *Ofan gefur snjó á snjó* sem hægt er að finna hér framar í möppunni.

Börn hafa yfirleitt gaman að klappleikjum. Hægt er að nýta sér það og fara í klappleik við ljóð eða lög sem búið er að kenna þeim.

## Leikið með allskonar hljóð

Börn eða kennari velja veðrabrigði eða annað sem tengist vetrinum til að leika eftir með hljóðfærum eða skapa með líkamanum. Hægt er að nota þetta verkefni sem æfingu í framkomu fyrir framan aðra. Börnin koma þá fram fyrir framan hina og spila eða búa til hljóð sem þeim finnst tengjast vetrinum.

Einnig er hægt að búa til tónverk þar sem allir gera sín hljóð á sama tíma. Hægt væri að taka upp og leyfa börnunum að horfa á upptökurnar, bæði af einstaklingsútgáfu verkefnisins og tónverksútgáfunni.

## Útitaktur

Þetta verkefni er framkvæmt úti, helst á opnu svæði þar sem hægt er að finna ýmiss konar hluti eins og spýtur og sprek, steina o.fl. Börnin fá frjálsar hendur og finna sér sjálf hljóðgjafa til að vinna með. Hljóðgjafarnir geta í raun verið hvað sem er meðan það gefur frá sér hljóð. Þegar allir hafa fundið sér hljóðgjafa eru þeir notaðir til að slá takt. Hægt er að fara í hreyfileiki eins og einhverskonar þrautakóng, slá taktinn með göngu eða sitja kyrr og slá takt við orð eða herma eftir fyrirmynd.

Gott er að vinna þetta verkefni þegar börnin hafa unnið með takt og hljóðgjafa í nokkurn tíma svo þau viti að hverju þau eiga að leita.

## Við klöppum atkvæði

Við klöppum atkvæði,  
við klöppum atkvæði.

Hvaða mynd,  
hvaða mynd?

Laglínan við þessa þulu líkist byrjuninni á „Meistari Jakob“.

Kennari þarf að undirbúa æfinguna með því að prenta út eða hafa tilbúna myndir í tölvu eða snjalltæki. T.d. er hægt að hafa myndir af snjókorni, snjókörlum, snjó, frosti o.s.frv. Kennari og börn fara með þuluna og halda svo áfram með því að klappa atkvæði við orðin.



*Snjó-korn*



*Snjó-brett-i*



*Kalt*



*Snjó-karl*

Slóðir á myndir:

[https://classroomclipart.com/clipart-view/Clipart/Sports/Winter\\_Sports\\_Clipart/winter-sports-boy-snowboarding-clipart-6215\\_jpg.htm](https://classroomclipart.com/clipart-view/Clipart/Sports/Winter_Sports_Clipart/winter-sports-boy-snowboarding-clipart-6215_jpg.htm)

[http://clipartpost.com/snowflake-clip-art\\_4145/](http://clipartpost.com/snowflake-clip-art_4145/)

<http://www.homemade-preschool.com/winter-clipart.html>

<https://www.pinterest.com/pin/526850856379588620/>

## Að halda taktinn

Barnahópnum er skipt í tvennt. Þau hafa lært lagið *Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt* og annar hópur barnanna syngur það. Hinn hópurinn fær hljóðfæri sem auðvelt er að slá með takt í hendurnar og slær taktinn á meðan hinn hópurinn syngur.


Þetta verkefni er hægt að framkvæma með hvaða lagi sem er. Gott er að byrja á að nota taktföst lög til að börnin heyri taktinn greinilega.



# Spuna- og sköpunarstundir

## Að semja tónverk – veturinn

Byrjað er á að búa til hugarkort þar sem kemur fram hvernig hljóð er hægt að gera fyrir veturinn með ýmiss konar hljóðfærum. Börnin velja sér hljóðfæri sem þeim finnst passa við veturinn. T.d. væri hægt að túlka snjókorn með þríhorni eða frostið með klukkuspili. Að öllum líkindum verða nokkrir hópar barna með eins hljóðfæri. Kennari eða barn stjórnar svo hvenær hver hópur hljóðfæra kemur inn í tónverkið og stoppar með bendingum.



Hægt væri að nota þessa hugmynd og taka upp myndband til að sýna foreldrum eða jafnvel sýna afrakstur æfinga þessa verkefnis á sýngingu fyrir foreldra.

## Að semja tónlist við ljóð

Þegar börnin hafa lært einhver af ljóðunum hérna framar í möppunni er hægt að búa til tónlist við þau. Börnin geta valið sér hljóðfæri og ásamt kennara búa börnin til lag við ljóðið sem valið er. Kennari tekur lagið upp þegar það er tilbúið og börnin horfa ásamt kennara á afraksturinn í lok stundarinnar.

Hægt er að hafa þetta sem framhaldsverkefni. Þá tekur kennari alltaf upp afraksturinn í lok hverrar stundar og horft er á hann í byrjun þeirrar næstu áður en haldið er áfram með verkefnið.

## Að leika snjókorn

Börnin hlusta á tónverk sem vísar í veturinn og leika snjókorn. Kennari leiðbeinir börnunum í byrjun eftir því sem þarf og byrjar á að segja þeim að hlusta á tónlistina og hreyfa sig í takt.

Hugmyndir að lögum:

Veturinn úr Árstíðunum eftir Antonio Vivaldi

<https://www.youtube.com/watch?v=nGdFHJXciA>

[Q](#)

The Seasons, Op. 37a: Troika Drive (November)  
eftir Tchaikovsky

<https://www.youtube.com/watch?v=jw0iZJzIK0c>

## Að leika snjókarl

Börnin leika snjókarl eftir tónlist sem leikin er undir. Lagið tengist vetrinum og er kuldi í því sem auðvelt er að tengja við að leika snjókarl.

Hugmynd að lagi:

Pantha du Prince - The Winter Hymn (Feat. Queens)

<https://www.youtube.com/watch?v=yBWo9xsJxG>

[o](#)

## Slæðudans

Hvert barn fær slæðu sem auðvelt er að sveifla í kring um sig. Spiluð er tónlist og börnin hreyfa sig og sveifla slæðunni í takt. Best er að tónlistin skipti um takt, hraða, styrkleika og sé sem fjölbreyttust svo börnin fái tækifæri til að túlka margskonar tónlist.

Hægt er að nota margskonar tónlist í þetta verkefni en gaman er að nota lög sem tengjast vetrinum til að tengja við vetrarþemað. Neðar á síðunni eru hugmyndir að lögum.

Hugmyndir að lögum:

Veturinn úr Árstíðunum eftir Vivaldi

<https://www.youtube.com/watch?v=nGdFHJXciAQ&list=PL70EA949F9894210E&index=8>

Hazy shade of winter – Simon and Garfunkel

<https://www.youtube.com/watch?v=wSd4QJBEMvk&list=PL70EA949F9894210E&index=11>

## Hljómsveitarstjórinn

Börnin velja sér hljóðgjafa sem þeim finnst minna þau á veturinn. Þau sitja svo í hring á gólfinu og spila ásamt kennara sínum á hljóðgjafann. Í fyrstu er kennarinn hljómsveitarstjórinn sem segir börnunum hvort spila á hægt, hratt, veikt, sterkt o.s.frv. Þegar börnin eru orðin vön þessum spunaleik geta þau fengið að skiptast á að vera hljómsveitarstjórinn.

Gaman er að mynda umræður við börnin um það af hverju þau völdu hljóðgjafann sem þau völdu.

Hugmyndir að lögum:

Pantha du Prince - The Winter Hymn (Feat. Queens)

<https://www.youtube.com/watch?v=yBWo9xsJxG>

[o](#)

Red Hot Chili Peppers - Snow (Hey Oh)

[https://www.youtube.com/watch?v=fmXLzY8kbYA  
&index=13&list=PL70EA949F9894210E](https://www.youtube.com/watch?v=fmXLzY8kbYA&index=13&list=PL70EA949F9894210E)

## Dansað með undirleik

Helmingur barnanna fær að velja sér hljóðfæri sem þeim finnst tengjast vetrinum. Þau fá að spila sjálf í einhvern tíma og hinn hópur barnanna dansar með tónlistinni. Börnin túlka þá tónlistina með dansi sínum. Annaðhvort geta börnin spilað sjálf eða undir stjórn „hljómsveitarstjóra“.

Hljómsveitarstjórinn getur þá verið barn eða kennari.

Gaman er að prófa bæði að tónlistinni sé stjórnað og að hún sé algjörlega frjáls.

Börnin geta þá valið að dansa eftir einhverju sérstöku hljóðfæri eða hlustað á allan samleikinn meðan þau dansa.



## Vetrardýr

Þessi stund krefst þess að búið verði að fjalla um dýr sem þrífast best í kulda og snjó, svo sem ísbirni, mörgæsir, heimskautarefi, rostunga o.s.frv.

Börnin velja sér eitt dýr til að leika og gera það við takt í tónlist. Til þess þarf svolítið stórt svæði.

Einnig er hægt að leyfa börnunum að leika fyrir hin börnin og þau giska á hvaða dýr barnið er að leika. Eins og áður hefur verið sagt er mikilvægt að búið sé að fjalla um dýrin áður en þetta verkefni er unnið.

## Málað á gluggann

Börnin fá hvert og eitt gluggamálningu og mála á gluggann það sem þau skynja í tónlistinni sem verið er að hlusta á.

Mikilvægt er að kennari sé búinn að taka til gluggamálningu svo ekki myndist biðtími. Einnig er æskilegt að kennari sé búinn að segja börnunum örlítið frá verkinu sem hlustað er á. Hægt er að gera þetta við alls kyns tónlist og tónverk.

Hugmynd að lagi:

Veturinn úr Árstíðunum eftir Vivaldi

<https://www.youtube.com/watch?v=nGdFHJXciAQ&list=PL70EA949F9894210E&index=8>

# Hlustunarverkefni

## Útihlustun

Börnin fara ásamt kennara sínum út og hlusta þar á hljóðin sem heyrast, bílana, vindinn o.s.frv. Þegar þau hafa gert það í svolitla stund er sest í umræðuhring og allir segja frá því sem þeir heyrðu. Kennari reynir svo að segja frá einhverju sem enginn annar heyrði og þjálfa börnin þannig í að hlusta vel á öll hljóð, ekki aðeins þau sem eru mest áberandi.

Hægt er að framkvæma þetta verkefni inni líka eða hvar sem er. Aðalmarkmiðið er að fá börnin til að hlusta á umhverfishljóð. Þegar þau hafa gert það í nokkur skipti er líklegra að þau hlusti betur og heyri hljóðin sem eru minna áberandi.

## Kennari spilar

Kennari situr fyrir aftan tjald eða skilrúm, allavega þannig að börnin sjái hann ekki. Hann tekur með sér hljóðfæri og leikur á þau eitt og eitt í einu. Síðan giska börnin á hvaða hljóðfæri er leikið og kennarinn tekur það þá fram og sýnir þeim hljóðfærið.

Til að framkvæma þetta verkefni er mikilvægt að börnin þekki hljóðfærin. Því er gott að kennarinn sé búinn að sýna þeim hljóðfærin og leyfa þeim að heyra hvernig þau hljóma.

## Spilað og klappað

Börnin skiptast á að koma eitt og eitt upp og spila einhvern stuttan takt á ásláttarhljóðfæri. Þegar barnið er búíð að spila á hljóðfærið klappa hin börnin taktinn sem barnið spilaði. Þannig gengur það koll af kolli þar til öll börnin eru búin að spila á hljóðfærið.

Gott getur verið að kennarinn byrji að spila svo börnin átti sig betur á verkefninu. Einnig verður kennari að brýna fyrir börnunum að takturinn megi ekki vera of flókinn því þá er ólíklegt að hin börnin geti hermt eftir honum.

## Málað á renning

Langur renningur er lagður á gólfið og börnin fá þau fyrirmæli að mála á hann eftir tónlistinni sem heyrir. Tónlistin er vetrartónlist til að tengja verkefnið vetrinum. Gott er að kennari segi börnunum stuttlega frá tónlistinni.

Gaman er að leyfa nokkrum börnum að mála í einu. Þannig getur myndast einhverskonar samvinna milli barnanna.

Hugmyndir að lögum:

Footprints in the snow eftir Debussy

<https://www.youtube.com/watch?v=dZ8ghfS5o10>

Lost Village of Snow eftir Derek Fiechter

<https://www.youtube.com/watch?v=lThG2088pn>

[w](#)

Vetrarvinur eftir Hjalta Jónsson

<https://www.youtube.com/watch?v=bMZAq7RpK>

[Q](#)

## Heimsókn frá tónlistarskóla

Fengin er heimsókn frá tónlistarskóla og þeir sem frá tónlistarskólanum koma eru fengnir til að spila einhver lög um veturinn. Börnin hlusta og fá jafnvel kynningu á þeim hljóðfærum sem spilað er á.

Heimsóknin getur verið bæði frá börnum úr tónlistarskólanum eða kennurum/tónlistarfólki. Ef ekki er hægt að fá heimsókn er einnig hægt að fara í vettvangsferð í tónlistarskóla, á æfingu t.d. símfóníuhljómsveitar eða á annan stað þar sem leikið er á hljóðfæri.



## Að túlka veturinn

Lag er spilað. Gott er að það sé með mismunandi köflum svo hægt sé að túlka veturinn með mismunandi hætti. Börnin fá fyrirmæli um að hreyfa sig í takt við tónlistina og vera um leið að túlka einhverskonar veðurbrigði sem tengist vetrinum. Þau geta t.d. hreyft sig hratt eins og snjókornin sem fjúka í vindinum eða hægt og þunglamalega eins og frostið sem fyllir loftið.

Hugmyndir að lögum:

Veturinn úr Árstíðunum eftir Vivaldi

<https://www.youtube.com/watch?v=nGdFHJXciAQ&list=PL70EA949F9894210E&index=8>

Snow is dancing eftir Debussy

<https://www.youtube.com/watch?v=Mndn7ogRP6>

[o](#)

## Hlustað á hljóðfærin

Börnin velja sér eitt hljóðfæri hvert sem þeim finnst tengjast vetrinum. Kennarinn tekur svo upp þegar hvert barn spilar og segir frá hvers vegna hljóðfærið var valið og hvers vegna það minnti þau á veturinn. Þegar upptakan er tilbúin spilar kennarinn upptökuna fyrir börnin og þau fá að hlusta á hvort annað og sig sjálf segja frá af hverju þau völdu þetta hljóðfæri.

Hægt er að nota þetta myndband sem upptöku til að sýna í foreldraheimsókn.

## Hlustað á óminn

Ákveðið mörg börn (gott er að byrja á 3-4) velja sér ásláttarhljóðfæri. Börnin slá á hljóðfærin og barnahópurinn hjálpast að við að raða hljóðfærunum eftir lengd hljómsins.

Þó að þetta verkefni tengist ekki vetrinum er það skemmtilegt og krefst athygli. Hægt er að tengja það vetrinum með því að biðja börnin að velja sér hljóðfæri sem þeim finnst tengjast vetrinum og jafnvel segja frá því af hverju þau völdu það hljóðfæri sem þau völdu.

## Dansar og hreyfileikir

## Stoppdans

Þetta er hinn klassíski leikur þar sem tónlist er spiluð meðan börnin dansa frjálst. Síðan er tónlistin stoppuð og þá eiga börnin að „frjósa“. Sá sem er síðastur til að frjósa er úr leik. Síðan er leikurinn endurtekinn og vinnur sá sem er síðastur eftir á dansgólfinu.

Hægt er að leyfa börnunum að stjórna tónlistinni þegar þau eru úr leik. Þannig er aðeins minna sárt að detta úr leik.

Til að tengja leikinn vetrinum er tilvalið að spila vetrarlög.

Hugmyndir að lögum:

<https://www.telegraph.co.uk/music/classical-music/vivaldi-purcell-best-classical-music-winter-warmers/>

<https://www.billboard.com/photos/8031136/best-songs-about-winter-edm>

## Skuggadans

Hengt er upp hvítt tjald eða hvítur veggur notaður til að varpa skuggum barnanna upp á. Gott er að nota myndvarpa í verkefnið. Börnin dansa svo við vetrartónlist og horfa á skuggana sína hreyfast á veggnum. Hægt er að bjóða börnunum að nýta einhvern efnivið við dansinn, t.d. slæður eða húfur og vettlinga til að tengja dansinn enn meira vetrinum.

Hugmyndir að lögum:

Winter með U2

[https://www.youtube.com/watch?v=0DiegKVXpCs  
&list=PL70EA949F9894210E](https://www.youtube.com/watch?v=0DiegKVXpCs&list=PL70EA949F9894210E)

Snow með Red Hot Chili Peppers

[https://www.youtube.com/watch?v=fmXLzY8kbYA  
&list=PL70EA949F9894210E&index=13](https://www.youtube.com/watch?v=fmXLzY8kbYA&list=PL70EA949F9894210E&index=13)

Þetta getur verið mjög skemmtilegt vegna þess að oft vita börnin ekki hvaða skugga þau eiga og eru að reyna að finna eigin skugga.

## Stoppdans með myndum frá vetrinum

Prentaðar eru út eða teiknaðar myndir af einhverju sem tengist vetrinum. Myndirnar geta t.d. verið af kuldaskóm, snjókornum, frostrósum, snjókarli, sleða eða öðru sem tengist vetrinum. Börnin draga öll eina mynd og eiga að túlka það sem er á myndinni á meðan tónlistin heyrir. Þegar tónlistin stoppar „frjósa“ börnin. Þegar þau eru búin að vera „frosin“ skipta þau um mynd og byrja upp á nýtt..

Hér að neðan eru hugmyndir að vetrarlögum sem hægt er að spila undir meðan dansað er.

Hugmyndir að lögum:

<https://www.theguardian.com/culture/2015/nov/20/the-10-best-winter-songs-joni-mitchell-leonard-cohen-sugababes>

## Að veiða snjókorn

Börn ásamt kennara sínum fara út þegar snjóar. Kennari spilar vetrarlög og börnin reyna að veiða eins mörg snjókorn og þau geta á meðan hlustað er á vetrartónlist.

Mikilvægt er að svæðið sem notað er sé frekar stórt svo börnin rekist síður á hvert annað.

Hugmyndir að lögum:

<https://www.theguardian.com/culture/2015/nov/20/the-10-best-winter-songs-joni-mitchell-leonard-cohen-sugababes>



## Ísbjarnardans

Börnin horfa á upptökur af ísbjörnum ásamt kennara sínum. Þegar þau hafa horft á nokkrar upptökur af ísbjörnum í heimkynnum sínum dansa þau ísbjarnardans þar sem þau túlka ísbirni á meðan þau hlusta á vetrarlög.

Hugmyndir að lögum:

<https://www.theguardian.com/culture/2015/nov/20/the-10-best-winter-songs-joni-mitchell-leonard-cohen-sugababes>

## Heimskautadýr leikin

Við lagið El Condor Pasa leika börnin heimskautadýr sem liggja í dvala og dreymir um að vakna og hefja daglegt líf. Það gefur börnunum tækifæri til að ímynda sér hvað dýrin hugsa og hvað þau dreymir. Þau velja sér hvert sitt dýr og leika dýrin í sínum daglegu störfum í heimkynnum sínum meðan lagið hljómar.

El Condor Pasa eftir Daniel Alomía Robles

<https://www.youtube.com/watch?v=8kQZHYbZkLs>

Til þess að þetta verkefni gangi upp þarf að vera búíð að ræða við börnin um heimskautadýr og leyfa þeim að sjá myndir og jafnvel myndskreið af dýrunum.

## Álfadans

Þar sem áramótin tengjast vetrinum er tilvalið að leika álfa meðan dansað er. Börnin fá það verkefni að leika álfa meðan þau dansa við Veturinn eftir Vivaldi eða Snow is dancing eftir Debussy.

Hugmyndir að lögum:

Veturinn úr Árstíðunum eftir Vivaldi

<https://www.youtube.com/watch?v=nGdFHJXciAQ&list=PL70EA949F9894210E&index=8>

Snow is dancing eftir Debussy

<https://www.youtube.com/watch?v=Mndn7ogRP6>

o

## Kennari segir sögu

Kennari segir börnum vetrarsögu sem getur verið í raun einhverskonar ljóð. Börnin leika það sem verið er að segja á meðan. Þegar börnin hafa farið nokkrum sinnum í þennan leik ásamt kennara sínum geta börnin skipst á að segja söguna meðan hin börnin leika.

Sagan getur t.d. verið um börn sem ætluðu að fara á skíði. Þau gengu upp í fjallið en það var svo hált að þau runnu til. Síðan kom svo mikil snjókoma að þau sáu varla neitt. Börnin þurftu svo að klofa snjó því hann var svo djúpur. Í lok sögunnar leggjast allir niður og horfa á norðurljósinn.

Hugmyndir að tónlist í  
frjálsum leik

## Bílaleikur

Hægt er að nota tónlist eins og t.d. Veturinn úr Árstíðunum eftir Vivaldi sem undirleik meðan leikið er í bílaleik. Það getur verið gaman að hafa undirleik þegar leikið er í frjálsum leik. Oft þróast leikurinn út í eitthvað annað en hann hefði annars gert þegar tónlist er spiluð undir.

<https://www.youtube.com/watch?v=nGdFHJXciA>

Q

## Dúkkuleikur

Hægt er t.d. að spila lagið Snjókarlinn minn sem Birgitta Haukdal syngur á plötu sinni *Perlur* meðan dúkkuleikur fer fram. Einnig er hægt að prófa að spila önnur lög og skoða hvort leikurinn breytist.

<https://www.youtube.com/watch?v=N5Ee4lhqtvq>

## Tónlist í útiveru

Tónlist er spiluð í útiveru. Til að tengja verkefnið vetrinum er gott að hafa tónlistina einhvers konar vetrartónlist.

Gaman gæti verið að fylgjast með hvort leikur barnanna breytist eftir því hvaða tónlist er spiluð.

Hugmynd að tónlist:

[https://www.youtube.com/watch?v=v2jAweLVLRk  
&t=4827s](https://www.youtube.com/watch?v=v2jAweLVLRk&t=4827s)



## Hljóðfæri í frjálsum leik

Gaman gæti verið í valstund að hafa eina valstöðina hljóðfærastöð. Þannig er hægt að sjá hvernig leikur verður til og þróast þegar börnin fá að leika frjálst með hljóðfærin.

Kennari þarf þó að fylgjast grannt með svo vel sé farið með hljóðfærin.